

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10

150 REYKJAVÍK

Reykjavík 20. maí 2016

Efni: Varðar minnisblað fjármála- og efnahagsráðuneytisins vegna 589. mál.

Vísað er til minnisblaðs fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 6. maí sl., sem varðar viðbrögð ráðuneytisins við umsögnum um frumvarp til laga um breytingu á lögum um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, með síðari breytingum (eigið fé, könnunar- og matsferli, vogunarhlutfall, valdheimildir o.fl.) þskj. 963 – 589. mál.

Í minnisblaðinu er varðar 39. gr. frumvarpsins sem breytir 110. gr. laganna um stjórnvaldssektir er vísað til umsagnar Fjármálaeftirlitsins (FME) þar sem fram komi að þörf sé á heildarendurskoðun ákvæða um stjórnvaldssektir í lögnum til að þess að samræma ákvæðin við ákvæði CRD IV tilskipunarinnar. Benti FME á dæmi um ákvæði sem vanti í lögum til þess að samræma þau tilskipuninni. Umsögn FME er þó ekki með þeim hætti að FME hafi verið að kalla eftir umræddum breytingum í þessu frumvarpi, enda er um íþyngjandi breytingar að ræða og eðlilegt að slíkar breytingar á lögum fari í sama farveg og aðrar breytingar.

Ráðuneytið bregst við þessari athugasemd FME með því að leggja til að við frumvarpið bætist við ákvæði um stjórnvaldssektir.

Fram kemur í inngangskafli athugasemda frumvarpsins að það hafi verið samið í ráðuneytinu að höfðu samráði við Fjármálaeftirlitið, Seðlabanka Íslands og Samtök fjármálafyrirtækja (SFF). Nefndin hefur verið að störfum frá árinu 2012 og hlutverk hennar er að innleiða í íslenskan rétt ákvæði CRD IV. SFF fengu hinsvegar ekki færi á að koma með athugasemdir við þessa tillögu ráðuneytisins að breytingum en fram kemur í minnisblaðinu að ráðuneytið hafi óskað eftir frekari skýringum frá FME. SFF gera því athugasemd við að ráðuneytið leggi til þessar breytingar án þess að þær hafi áður verið lagðar fyrir nefndina sem telja verður að sé eðlilegur farvegur þar sem haghafar hefðu komið að sínum sjónarmiðum. Einnig verður að hafa í huga að fallist efnahags- og viðskiptanefnd á þessar breytingar þá fara þessar tillögur að lagabreytingum ekki í eðlilegt umsagnarferli eins og venjan er og því ekki tækifæri fyrir haghafa að koma að sínum sjónarmiðum.

Að íslenskum rétti falla stjórnvaldssektir, eins og önnur stjórnsýsluviðurlög, í flokk refsikenndra viðurlaga en teljast ekki til eiginlegra refsinga eins og fésekta eða fangelsis. Þrátt fyrir framangreint þá eiga stjórnvaldssektir ákveðin einkenni sameiginleg með refsikenndum viðurlögum. Stjórnvaldssektir eru íþyngjandi stjórnvaldsákvarðanir og því eðlilegt að stigið sé hægt til jarðar þegar breyta á viðurlagakafli laga á fjármálamarkaði, hvort sem um er að ræða

innleiðingar á tilskipunum eða ekki. Því leggja SFF til að efnahags- og viðskiptanefnd fallist að svo stöddu ekki á tillögur ráðuneytisins er varða stjórnvaldssektir þar sem þær þarfnast frekari skoðunar og úrvinnslu í ráðuneytinu með haghöfum. SFF eru reiðubúin til að koma að þeirri vinnu með ráðuneytinu.

Þá vísa SFF til sjónarmiða sinna sem fram komu í umsögn SFF um frumvarp til laga um breytingar á lagaákvæðum um viðurlög við brotum á fjármálamarkaði o.fl., 622. mál en frumvarpið varð að lögum nr. 58/2015.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka fjármálafyrirtækja

Árnína St.K.

Árnína Steinunn Kristjánsdóttir, lögfræðingur.